

1. Breyting á embættum í landstjórn RTÍ

Að lögð verði niður tvö embætti embættismanna landstjórnar, vefstjóra og ritstjóra.

Að stofnað verði nýtt embætti innan landstjórnar RTÍ, fjölga landstjórnarmeðlimum úr 4 í 5.

Útskýring:

Á tímum hraða og tækni fer meira og minna allt efni RTÍ í gegnum heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðla. Vefstjóri RTÍ sér um að setja allt efni inn á þessar síður og halda utan um uppfærslur. Ritstjóri RTÍ yfirfer allt efni sem birtist á vefsvæði RTÍ, bæði m.t.t. efnistaka og málfars. Að mörguleiti skarast þessi tvö embætti og jafnvel verður tvíverknaður og ekki alltaf ljóst hver ber ábyrgð á því sem sett er á heimasíðurnar er að samfélagsmiðla.

Hlutverk núverandi vefstjóra hefur aukist töluvert síðastliðin ár og verður stærra og stærra. Fyrir liggur að Online Vision verkefni RT International er komið til þess að vera og er ætlun RTÍ að taka fullan þátt í því og þar er því ljóst að aukin vinna mun leggjast á embætti vefstjóra.

Með því að sameina embætti vefstjóra og ritstjóra í eitt og færa það inn í landstjórn verða vinnubrögð skilvirkari og landstjórn sterkari heild. Lengi vel hefur verið rætt að bæta við ritara í landstjórn og vissulega getur ritstjóri tekið að sér einhver störf sem ritari myndi sinna og í því ljósi óþarft að bæta við bæti ritara og ritstjóra í landstjórn heldur skilgreina embætti landstjórnar meðlima þeim mun betur.

Ritstjóri/ritari er hluti af mörgum landstjórnnum erlendis.

Ekki þarf að auka fjármagn til landstjórnar frá klúbbum til að fjármagna þetta embætti.

Síðareglubreytingar:

1. Legg til að embætti landstjórnar, Vefstjóri, verði lagt niður frá og með 4. Fulltrúaráðsfundi 2018-19 með fyrirvara um að nýtt embætti innan landstjórnar RTÍ verði samþykkt.
2. Legg til að embætti landstjórnar, Ritstjóri, verði stytt niður í eitt ár og taki gildi strax á 1. Fulltrúaráðsfundi 2018-19. Það verði svo lagt niður frá og með 4. Fulltrúaráðsfundi 2018-19 með fyrirvara um að nýtt embætti innan landstjórnar RTÍ verði samþykkt.

Reglugerðarbreytin:

3. Legg til að nýtt embætti í landstjórn RTÍ verði stofnað og taki til starfa á 1. Fulltrúaráðsfundi 2019-20. Hann veður því fimmti meðlimur landstjórnar RTÍ. Ritstjóri landstjórnar RTÍ tekur yfir öllum skildum og hlutverki fyrrum embættum vefstjóra og ritstjóra. Embætti er til tveggja ára í senn.

REGLUBERÐARBREYTINGAR

1 LANDSSTJÓRN

1. Landsstjórn er skipuð 4 mönnum, forseta, varaforseta, gjaldkera og IRO fulltrúa.

Breytt regla

5.1 LANDSSTJÓRN

1. Landsstjórn er skipuð 5 mönnum, forseta, varaforseta, gjaldkera, IRO fulltrúa **OG RITSTJÓRA**.

SIÐAREGLUBREYTINGAR

Breytingartillaga 1

KOSNING LANDSSTJÓRNAR

Kjörgengir eru allir félagar sem ná að ljúka kjörtímabili sínu innan aldursreglu RTÍ og skulu hafa verið virkir félagar að minnsta kosti síðustu 3 ár. Framboð skal tilkynna landsstjórn ekki seinna en 31. desember fyrir kjörfund og skal landsstjórn kynna framboðið ekki seinna en með fundarboði fyrir kjörfund. Kjörfundur er næsti fundur á undan aðalfundi. Kjósa skal varaforseta, IRO til tveggja ára og gjaldkera til tveggja ára. Einnig er æskilegt að fulltrúaráðið lýsi yfir stuðningi við varaforseta til forsetaembættis.

Siðameistari RTÍ skal fara yfir innsend framboð og tilkynna um lögmæti þeirra svo fljótt sem verða má.

STJÓRNARSKIPTI

Stjórnarskipti fara fram í lok aðalfundar.

EMBÆTTISSKIPTI

Ný landsstjórn tekur við með þeim hætti að IRO kallar nýkjörna stjórn upp og fram fer afhending embættistákna í þessari röð:

Fráf. gjaldkeri - gjaldkeri, fráf. varaforseti - varaforseti, fráf. forseti - forseti, fráf. IRO -IRO.

Breytt regla

KOSNING LANDSSTJÓRNAR

Kjörgengir eru allir félagar sem ná að ljúka kjörtímabili sínu innan aldursreglu RTÍ og skulu hafa verið virkir félagar að minnsta kosti síðustu 3 ár. Framboð skal tilkynna landsstjórn ekki seinna en 31. desember fyrir kjörfund og skal landsstjórn kynna framboðið ekki seinna en með fundarboði fyrir kjörfund. Kjörfundur er næsti fundur á undan aðalfundi. **Kjósa skal varaforseta, IRO, GJALDKERA OG RITSTJÓRA til tveggja ára og gjaldkera til tveggja ára.** Einnig er æskilegt að fulltrúaráðið lýsi yfir stuðningi við varaforseta til forsetaembættis.

Siðameistari RTÍ skal fara yfir innsend framboð og tilkynna um lögmæti þeirra svo fljótt sem verða má.

STJÓRNARSKIPTI

Stjórnarskipti fara fram í lok aðalfundar.

EMBÆTTISSKIPTI

Ný landsstjórn tekur við með þeim hætti að IRO kallar nýkjörna stjórn upp og fram fer afhending embættistákna í þessari röð:

Fráf. gjaldkeri - gjaldkeri, fráf. ritstjóri – ritstjóri, fráf. varaforseti - varaforseti, fráf. forseti - forseti. fráf. IRO -IRO.

Útskýring: Breyting á orðalagi og vefstjóra bætt við.

Breytingartillaga 2

STARFSSVIÐ LANDSSTJÓRNAR

STÖRF FORSETA

Hans starf er að sjá um daglegan rekstur RTÍ. Boða til og skipuleggja fulltrúaráðs- og landsstjórnarfundir. Sjá um að fundargerðir fyrir landsstjórn og fulltrúaráð séu ritaðar og fundargerðir fulltrúaráðs séu birtar á heimasíðu RTÍ og sendar fulltrúum. Forseti heimsækir, eða sér til þess að fulltrúi frá landsstjórn heimsæki, hvern klúbb minnst einu sinni á ári. Forseti er fulltrúi RTÍ innanlands og utan.

STÖRF VARAFORSETA

Meðal starfa hans er að sjá um, í samvinnu við landsstjórn, að félagatal RTÍ komi út eigi síðar en á öðrum fundi fulltrúaráðs í október, með breytingum ef einhverjar eru. Varaforseti ber á ábyrgð á útgáfunni. Hann gerir rekstraráætlun fyrir næsta starfsár og aflar félagatalinu tekna, ásamt gjaldkera. Hann ritar fundargerðir. Varaforseta ber að halda góðu sambandi við varaformenn allra klúbba.

STÖRF IRO-FULLTRÚA

Í skipulagsskrá Round Table hreyfingarinnar annast IRO (International Relation Officer / Alþjóðatengslafulltrúi) um hin formlegu tengsl, hvort sem þau eru milli landsstjórna eða einstakra klúbba. Venjulega er IRO fulltrúinn RT félagi með einhverja reynslu af erlendu RT starfi. Hann birtir á heimasíðu RTÍ eða sendir með tölvupósti upplýsingar um erlend ferðaboð og helstu merkisatburði erlendis. IRO-fulltrúinn hefur umsjón með dagskrá fánaskiptafundar. Á erlendum fundum er IRO-fulltrúinn “hinn leiðandi” í samskiptum og gerðum.

STÖRF GJALDKERA/STALLARA

Hans starf er að halda utan um fjárreiður RTÍ og þ.m.t. að afla tekna fyrir félagatal og er ábyrgur gagnvart fulltrúaráði RTÍ. Hann skal einn varðveita og innheimta tekjur RTÍ og greiða reikninga þess. Geri aðrir það eru þeir ábyrgir gagnvart fulltrúaráði RTÍ og ber gjaldkeri ekki ábyrgð á athöfnum þeirra, nema hann hafi áður heimilað þeim bein afskipti af fjármálunum. Gjaldkeri gegnir jafnframt störfum stallara hreyfingarinnar og hefur umsjón með eigum hennar.

FUNDIR LANDSSTJÓRNAR

Fyrir utan hefðbundna stjórnarfundir situr landsstjórn eftirfarandi innlenda fundi: Heimsóknir á klúbbfundum hjá öllum klúbbum, minnst einn á vetri, þar sem landsstjórn gerir klúbbfélögum grein fyrir stöðu mála RTÍ.

Fulltrúaráðsfundi þar sem forseti er formaður fulltrúaráðs en varaforseti, gjaldkeri og IRO-fulltrúi sitja fundinn án atkvæðisréttar.

Erlendir fundir þar sem landsstjórn eða aðilar úr landsstjórn sitja sem fulltrúar RTÍ eru helstir: RTI, IRO, NTM, EMA.

Hverjir sitja hvaða fund kemur fram ár hvert í rekstraráætlun landsstjórnar í samþykki fulltrúaráðs.

Breytt regla

STARFSSVIÐ LANDSSTJÓRNAR

a) STÖRF FORSETA

Hans starf er að sjá um daglegan rekstur RTÍ. Boða til og skipuleggja fulltrúaráðs- og landsstjórnarfundum. Sjá um að fundargerðir fyrir landsstjórn og fulltrúaráð séu ritaðar og fundargerðir fulltrúaráðs séu birtar á heimasíðu RTÍ og sendar fulltrúum. Forseti heimsækir, eða sér til þess að fulltrúi frá landsstjórn heimsæki, hvern klúbb minnst einu sinni á ári. Forseti er fulltrúi RTÍ innanlands og utan

STÖRF VARAFORSETA

Meðal starfa hans er að sjá um, í samvinnu við landsstjórn, að félagatal RTÍ komi út eigi síðar en á öðrum fundi fulltrúaráðs í október, með breytingum ef einhverjar eru. Varaforseti ber á ábyrgð á útgáfunni. Hann gerir rekstraráætlun fyrir næsta starfsár og aflar félagatalinu tekna, ásamt gjaldkera. Hann ritar fundargerðir. Varaforseta ber að halda góðu sambandi við varaformenn allra klúbba.

STÖRF IRO-FULLTRÚA

Í skipulagsskrá Round Table hreyfingarinnar annast IRO (International Relation Officer / Alþjóðatengslafulltrúi) um hin formlegu tengsl, hvort sem þau eru milli landsstjórna eða einstakra klúbba. Venjulega er IRO fulltrúinn RT félagi með einhverja reynslu af erlendu RT starfi. Hann birtir á heimasíðu RTÍ eða sendir með tölvupósti upplýsingar um erlend ferðaboð og helstu merkisatburði erlendis. IRO-fulltrúinn hefur umsjón með dagskrá fánaskiptafundar. Á erlendum fundum er IRO-fulltrúinn "hinn leiðandi" í samskiptum og gerðum.

STÖRF GJALDKERA/STALLARA

Hans starf er að halda utan um fjárreiður RTÍ og þ.m.t. að afla tekna fyrir félagatal og er ábyrgur gagnvart fulltrúaráði RTÍ. Hann skal einn varðveita og innheimta tekjur RTÍ og greiða reikninga þess. Geri aðrir það eru þeir ábyrgir gagnvart fulltrúaráði RTÍ og ber gjaldkeri ekki ábyrgð á athöfnum þeirra, nema hann hafi áður heimilað þeim bein afskipti af fjármálunum. Gjaldkeri gegnir jafnframt störfum stallara hreyfingarinnar og hefur umsjón með eigum hennar.

STÖRF RITSTJÓRA

- Að halda úti heimasíðu samtakanna. Ritstjóri er ábyrgðarmaður og yfirfer allt efni sem birtist á vefsvæði RTÍ (www.roundtable.is), bæði m.t.t. efnistaka og málfars. Hann sér um að viðhalda því ásamt uppfærslu á netfangaskrá RT félaga. Ritstjóri skal halda utan um kostnað vegna vefsvæðis samtakanna.
- Að hafa frumkvæði í að afla efnis og tryggja nýjustu upplýsingar.
- Ritstjóri sér um samfélagssíður samtakanna og tryggir að síðgæði sé gætt á þeim. Hann hefur að auki heimild til þess að fjarlægja efni af síðunum, sem ætla má að sé ærumeiðandi eða þess eðlis að samræmast ekki tilgangi hreyfingarinnar.
- Að stjórna tæknimálum á landsfundum.

FUNDIR LANDSSTJÓRNAR

Fyrir utan hefðbundna stjórnarfundum situr landsstjórn eftirfarandi innlenda fundum: Heimsóknir á klúbbfundum hjá öllum klúbbum, minnst einn á vetri, þar sem landsstjórn gerir klúbbfélögum grein fyrir stöðu mála RTÍ.

Fulltrúaráðsfundi þar sem forseti er formaður fulltrúaráðs en varaforseti, gjaldkeri, **RITSTJÓRI**, og IRO-fulltrúi sitja fundinn án atkvæðisréttar.

Erlendir fundir þar sem landsstjórn eða aðilar úr landsstjórn sitja sem fulltrúar RTÍ eru helstir: RTI

WORLD MEETING, IRO, NTM, EMA-NEAR MEETING OG HALF YEAR MEETING

Hverjir sitja hvaða fund kemur fram ár hvert í rekstraráætlun landsstjórnar í samþykki fulltrúaráðs.

Breytingartillaga 3

STÖRF EMBÆTTISMANNA

SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA

Hans starf er að fara yfir reikninga RTÍ og athuga að farið hafi verið eftir samþykktri fjárhagsáætlun og að góðar reikningsskilavenjur séu í heiðri hafðar. Skoðunarmaður skal fá reikningana í hendur ekki seinna en tveimur vikum fyrir aðalfund og hann skilar þeim til gjaldkera ekki seinna en daginn fyrir aðalfund.

SIÐAMEISTARI

Fulltrúaráðið kýs siðameistara á 3. fundi fulltrúaráðs og tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori. Fram að formlegri viðtöku embættis skulu hann og fráfaramandi siðameistari starfa náið saman þannig að viðtakandi siðameistari geti kynnt sér embættisfærslur. Skal hann kosinn til tveggja eða þriggja ára, hann má endurkjósa til eins árs, sé hann kosinn til tveggja ára fyrst. Hann skal sjá um að rétt sé farið með lög og siðareglur RTÍ. Komi upp ágreiningur um túlkun laga RTÍ eða siðareglna skal hann vera úrskurðaraðili, þannig að það er skilyrði að siðameistari sé vel að sér í starfsemi hreyfingarinnar. Hann skal gæta þess að góðir RT-siðir séu viðhafðir á fundum og skemmtunum RTÍ. Einnig að sjá til þess að allar athafnir fari fram eftir reglum hverju sinni. Hann hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur. Hans starf er ekki að leika trúð, en hann má mjög gjarnan bregða á glens, þar sem það á við.

Ætlast er til þess að klúbbur sem halda á fulltrúaráðsfundum, rukki ekki siðameistara um fundargjöld. Ef klúbbur rukkar siðameistara, getur siðameistari rukkað viðkomandi klúbb um sömu upphæð í sekt sem rennur til siðameistara. Siðameistari á rétt á einni síðu undir auglýsingar í félagatali Round Table Íslands, til að fjármagna ferðir sínar á fulltrúaráðsfundi. Verð á síðunni er samkvæmt verðskrá landsstjórnar hverju sinni.

RITSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs ritstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfaramandi ritstjóra að efnissókn, uppsetningu og yfirferð á innsendum greinum á vefinn og kynna sér þannig þær aðferðir sem viðhafðar hafa verið við ritstjórnina. Ritstjóri RTÍ hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

VEFSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs vefstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfaramandi vefstjóra. Vefstjóri er ábyrgðarmaður heimasíðu RTÍ, hann sér um að viðhalda henni ásamt uppfærslu á netfangaskrá RT félaga. Vefstjóri skal halda utan um kostnað vegna netsins. Hann hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

VERSLUNARSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs verslunarstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfaramandi verslunarstjóra að sölu og innkaupum varnings verslunarinnar. Hlutverk verslunarstjóra er að sjá um innkaup og sölu minjagripa, fána og merkja RTÍ. Verslunarstjóra ber að vinna náið með gjaldkeri RTÍ og má hann ekki skuldbinda RTÍ fjárhagslega á neinn hátt nema með samþykki gjaldkera landsstjórnar. Verslunarstjóri RTÍ hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

ATKVÆÐAGREIÐSLUR LANDSSTJÓRNAR

Í landsstjórn er ekki æskilegt að atkvæðagreiðslur fari fram, heldur skal leitast við að komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Í atkvæðagreiðslu þar sem ákvörðunin gildir fyrir yfirstandandi starfsár skal atkvæði forseta ráða. Sé þetta ákvarðanataka fyrir næsta starfsár skal atkvæði varaforseta ráða. Sé verulegur ágreiningur milli landsstjórnarmanna skal málinu vísað til fulltrúaráðs.

Ný regla

STÖRF EMBÆTTISMANNA

SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA

Hans starf er að fara yfir reikninga RTÍ og athuga að farið hafi verið eftir samþykktri fjárhagsáætlun og að góðar reikningsskilavenjur séu í heiðri hafðar. Skoðunarmaður skal fá reikningana í hendur ekki seinna en tveimur vikum fyrir aðalfund og hann skilar þeim til gjaldkera ekki seinna en daginn fyrir aðalfund.

SIÐAMEISTARI

Fulltrúaráðið kýs siðameistara á 3. fundi fulltrúaráðs og tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori. Fram að formlegri viðtöku embættis skulu hann og fráfari siðameistari starfa náið saman þannig að viðtakandi siðameistari geti kynnt sér embættisfærslur. Skal hann kosinn til tveggja eða þriggja ára, hann má endurkjósa til eins árs, sé hann kosinn til tveggja ára fyrst. Hann skal sjá um að rétt sé farið með lög og siðareglur RTÍ. Komi upp ágreiningur um túlkun laga RTÍ eða siðareglna skal hann vera úrskurðaraðili, þannig að það er skilyrði að siðameistari sé vel að sér í starfsemi hreyfingarinnar. Hann skal gæta þess að góðir RT-siðir séu viðhafðir á fundum og skemmtunum RTÍ. Einnig að sjá til þess að allar athafnir fari fram eftir reglum hverju sinni. Hann hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur. Hans starf er ekki að leika trúð, en hann má mjög gjarnan bregða á glens, þar sem það á við.

Ætlast er til þess að klúbbur sem halda á fulltrúaráðsfund, rukki ekki siðameistara um fundargjöld. Ef klúbbur rukkar siðameistara, getur siðameistari rukkað viðkomandi klúbb um sömu upphæð í sekt sem rennur til siðameistara. Siðameistari á rétt á einni síðu undir auglýsingar í félagatali Round Table Íslands, til að fjármagna ferðir sínar á fulltrúaráðsfundi. Verð á síðunni er samkvæmt verðskrá landsstjórnar hverju sinni.

RIÐSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs ritstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfari ritstjóra að efnissókn, uppsetningu og yfirferð á innsendum greinum á vefinn og kynna sér þannig þær aðferðir sem viðhafðar hafa verið við ritstjórnina. Ritstjóri RTÍ hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

VEFSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs vefstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfari vefstjóra. Vefstjóri er ábyrgðarmaður heimasíðu RTÍ, hann sér um að viðhalda henni ásamt uppfærslu á netfangaskrá RT félaga. Vefstjóri skal halda utan um kostnað vegna netsins. Hann hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

VERSLUNARSTJÓRI RTÍ

Fulltrúaráðið kýs verslunarstjóra RTÍ á 3. fundi fulltrúaráðs til tveggja ára í senn. Tekur hann formlega við embætti á aðalfundi að vori en fram að þeim tíma skal hann vinna náið með fráfari verslunarstjóra að sölu og innkaupum varnings verslunarinnar. Hlutverk verslunarstjóra er að sjá um

innkaup og sölu minjagripa, fána og merkja RTÍ. Verslunarstjóra ber að vinna náið með gjaldkeri RTÍ og má hann ekki skuldbinda RTÍ fjárhagslega á neinn hátt nema með samþykki gjaldkera landsstjórnar. Verslunarstjóri RTÍ hefur rétt til setu á landsstjórnarfundum sem gestur.

ATKVÆÐAGREIÐSLUR LANDSSTJÓRNAR

Í landsstjórn er ekki æskilegt að atkvæðagreiðslur fari fram, heldur skal leitast við að komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Í atkvæðagreiðslu þar sem ákvörðunin gildir fyrir yfirstandandi starfsár skal atkvæði forseta ráða. Sé þetta ákvarðanataka fyrir næsta starfsár skal atkvæði varaforseta ráða. Sé verulegur ágreiningur milli landsstjórnarmanna skal málinu vísað til fulltrúaráðs.

Breytingartillaga 4

STARFSREGLUR FYRIR RITSTJÓRA RTÍ

- Ritstjóri yfirfer allt efni sem birtist á vefsvæði RTÍ, bæði m.t.t. efnistaka og málfars.
- Ritstjóri hefur heimild til þess að fjarlægja efni af vefsvæði RTÍ sem ætla má að sé ærumeiðandi eða þess eðlis að samræmast ekki tilgangi vefsins. Nýti hann heimildina skal hann tilkynna forseta hreyfingarinnar það. Forseti getur hnekk ákvörðun ritstjóra.
- Ritstjóri hefur eftirlit með að allt efni sem birtist á síðum vefsins sé rétt og að helstu þættir birtist reglulega. Þessir þættir eru:
 - Ávarp forseta í upphafi starfsárs.
 - Skýrsla forseta fyrir 4. fulltrúaráðsfund.
 - IRO síðan.
 - Kynning á nýkjörnum varaforseta.
 - Kynning á fulltrúaráði.
 - Fréttapunktur frá landsstjórn og klúbbum.
 - Upplýsingar um komandi aðalfund og árshátíð.
 - Fundargerðir fulltrúaráðsfunda.

Breyting

STARFSREGLUR FYRIR RITSTJÓRA RTÍ

- Ritstjóri yfirfer allt efni sem birtist á vefsvæði RTÍ, bæði m.t.t. efnistaka og málfars.
- Ritstjóri hefur heimild til þess að fjarlægja efni af vefsvæði RTÍ sem ætla má að sé ærumeiðandi eða þess eðlis að samræmast ekki tilgangi vefsins. Nýti hann heimildina skal hann tilkynna forseta hreyfingarinnar það. Forseti getur hnekk ákvörðun ritstjóra.
- Ritstjóri hefur eftirlit með að allt efni sem birtist á síðum vefsins sé rétt og að helstu þættir birtist reglulega. Þessir þættir eru:
 - Ávarp forseta í upphafi starfsárs.
 - Skýrsla forseta fyrir 4. fulltrúaráðsfund.
 - IRO síðan.
 - Kynning á nýkjörnum varaforseta.
 - Kynning á fulltrúaráði.
 - Fréttapunktur frá landsstjórn og klúbbum.

~~g. Upplýsingar um komandi aðalfund og ársrátt.~~

~~h. Fundargerðir fulltúaráðsfunða.~~

Útskýring: starfsreglur ritstjóra verða að mestu leyti felldar inn í starfsreglur vefstjóra RTÍ, reglurnar eru aðgengilegar undir kaflanum starfssvið landsstjórnar og einnig í handbók landstjórnar RTÍ.